

Haustsýning Félags ísl. myndlistarmanna

Í DAG hefst haustsýning Félags íslenzkra myndlistarmanna í hinu nýja sýningarhúsnæði í kjallara Norræna hússins. Til sýningarinnar voru send samtals 233 verk og á sýninguna voru tekin 98 verk eftir 36 málara og myndhöggvara.

Hinum var hafnað. Við spurðum þá í sýningarnefndinni, af hverju? Jú, Bragi Ásgeirsson sagði, að enginn yrði óbarinn biskup. Það er mikil ábyrgð, sem hvílir á herðum dómnefndarmanna og alls ekki víst, að allir séu þeim sammála.

Við innganginn að kjallaran-

Ráðherrar utan til funda

TVEIR ráðherrar eru nú á förum utan til fundarhalds. Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, fer til Helsingfors og situr þar fund með ráðherrum, sem fara með Norðurlandaráðsmálefni. Fundir þessir eru haldnir samkvæmt samstarfssamningi Norðurlanda og eru haldnir tvisvar til þrisvar á ári. Þá er Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, á förum utan til Kaupmannahafnar.

Fundurinn, sem utanríkisráðherra situr er undirbúningsfundur Norðurlanda fyrir þing Sameinuðu þjóðanna. Þar bera ráðherrarnir saman bækur sínar og ræða þau mál, sem líklegt er að komi til kasta þingsins. Utanríkisráðherrafundurinn er á mánudag og þriðjudag, en fundurinn, sem forsætisráðherra situr er á miðvikudag.

Með utanríkisráðherra fer utan Pétur Thorsteinsson, ráðuneytisstjóri og fundinn situr einnig Hannes Kjartansson, sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum.

um var Þorbjörg Pálsdóttir við mynd sína, sem hún nefndi „Á vígvellinum“. Eg spurði Þorbjörgu að bragði: „Er þetta vígvöllurinn í Víetnam?“

Hún svaraði strax: „Nei, þetta er ekki neinn sérstakur vígvöllur. Eingöngu almenns eðlis.“

„Er þetta mótað í harðan leir?“

„Nei, mestan part er þetta trefjaplast.“

Og með það yfirlitum við Þorbjörgu, sem býður sýningar gesti velkomna með vígvelli sínum. Og það á vel við. Þegar inn í kjallaran kom, var vígvöllur víðsfjarri. Þeir voru þarna listamennirnir Bragi, Benedikt og Einar, jafnvel Vilhjálmur, að ég ekki gleymi Kristjáni, sem hættur er við sinn Da-da-isma. Við króðum Einar Hákonarson af úti í horni og spurðum um þátttökuna. Einar sagði 37 myndlistarmenn taka þátt í þessari haustsýningu, og þar af væru 16 utanfélagsmenn. Í sýningarnefndinni eru Bragi Ásgeirsson, sem er formaður, Vilhjálmur Bergsson, Benedikt Gunnarsson og Einar Hákonarson. Í sýningarnefnd varðandi

Ree efstur

Vancouver, Kanada, 3. sept. — AP

EFTIR tíu umferðir á skákmótinu í Vancouver er hollenzki alþjóðameistarinn Hans Ree nú einn um efsta sætið, en ellefta og síðasta umferðin verður tekið í kvöld (eftir kanadískum tíma). Áður voru þeir tveir um fyrsta sætið, Ree og kanadíski meistari Duncan Suttles. Nú skipar Suttles annað sætið ásamt sovétzka heimsmeistararum Boris Spassky og George Kupejanov frá Kanada. Ree er hálfvinnur fyrir ofan þá þrjá næstu, og getur baráttan því orðið hörð í síðustu skákunum í kvöld.

höggmyndir eru Guðmundur Benediktsson og Magnús A. Arnason.

4 eru með myndvefnað á sýningunni og 3 með grafikverk.

Nýir menn á sýningunni eru Bjarni Sumarliðason, Jónas Guðvarðsson, Sigurður Steinsson, Ísleifur Konráðsson, Hanna G. Ragnarsdóttir, ung vefnaðarkona, Stephan Fairbairn, einn af tengdasonum Íslands, Gunnar Örn Gunnarsson, Örn Þorsteinsson og Hildur Hákonardóttir.

Haustsýningin opnar kl. 4 á laugardag eða í dag, og er opin til kl. 10. Kjallaraplássið í Norrænahúsinu er 300 rúmmetrar að stærð og í dag mun Sigurður Þórarinnsson, jarðfræðingur, opna sýningarplássið í fjarveru Ivars Eskelands.

Sýningarnefnd vill sérstaklega geta þess að ljósameistari Þjóðleikhússins, Kristinn Danielsson, var henni til ómetanlegrar aðstoðar við lýsingu í söllum. Ennfremur skal þess getið að það er skemmtileg tilviljun að sýning íslenzkrar nútímalistar verður opnuð í Háselbyhöll í útjaðri Stokkhólmsborgar sama dag og á líkum tíma. Þá er íslenzka farandsýningin sem gengið hefur um Noreg og Svíþjóð í eitt ár komin heim.

Fr. S.

Kosygin til Oslo og Hafnar

Óslo, Kaupmannahöfn, AP, NTB. ALEXEI Kosygin, forsætisráðherra Sovétríkjanna kemur í opinbera heimsókn til Noregs og Danmerkur fyrir hluta desembermánaðar, að því er tilkynnt var í dag. Er búist við að hann ferðist eitthvað um bæði löndin. Ekki er enn vitað nákvæmlega hvaða daga hann verður á ferðinni, en ljóst að það verður einhvern tíma á fyrstu tveimur vikum desembermánaðar.



Þorbjörg Pálsdóttir myndhöggvari við mynd sína: „Vigvöllur.“ (Ljós. Mbl.: Sv. Þorm.)

Enn um lánasjóð

MORGUNBLAÐINU hefur borið eftirfarandi ályktun frá Stúdentaráði:

„Stúdentaráð fagnar þeim tíðindum, að Páll Sæmundsson og Erling Garðar Jónasson, sem skipaðir voru af fyrirverandi menntamálaráðherra í stjórn LÍN, skuli að beiðni stjórn SHÍ og SÍNE hafa sagt af sér og þar með látið í ljós álit sitt á óheilum vinnubrögðum fyrirverandi ráðherra við skipun í stjórnina.“

Jafnframt fagnar Stúdentaráð þeirri fyrirætlun núverandi menntamálaráðherra að verða við óskum stjórn SHÍ og SÍNE um að skipa í þessi störf fulltrúa, tilnefnda af námsmönnum, sem ekki eru í háskólanámi.

Stúdentaráð lýsir því yfir, að það mun fyllilega sætta sig við þá skipan mála, sem orðin er. — Ráðið lítur svo á, að seta Gunnars Vagnssonar í stjórninni sé skv. óskum núverandi menntamálaráðherra, þar eð hann hefur ekki farið þess á leit við Gunnar Vagnsson, að hann segi af sér, enda hefur ekki komið fram nein opinber gagnrýni á störf hans við sjóðinn. Væntir Stúdentaráð því góðs starfs af Gunnari Vagnssyni, í framtíðinni, — sem áður.

Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn sjóðsins munu því taka fullan

þátt í störfum sjóðsins, sem hing að til.“

Ofanrituð ályktun var samþykkt í Stúdentaráði með 15 atk. gegn 9.

Þinga um dollarann

Paris, 3. sept. — AP/NTB. SÉRFRÆÐINGAR tíu auðugustu iðnríkja heims komu saman til fundar í Paris í dag til að ræða þróun peningamála í heiminum frá því Nixon Bandaríkjaforseti tilkynnti efnahagsráðstafanir sínar um miðjan síðasta mánuð.

Fundur sérfræðinganna er haldinn fyrir luktum dyrum í aðalstöðvum Alþjóðabankans, og sækja hann fulltrúar frá Bandaríkjunum, Japan, Bretlandi, Kanada, Svíþjóð, Vestur-Þýskalandi, Belgíu, Hollandi, Ítalíu og Frakklandi. Eiga sérfræðingarnir að undirbúa ráðherrafund ríkjanna tíu, sem haldinn verður í London dagana 15. og 16. september.

Fundarstjóri er Rinaldo Ossola, varaforstjóri Ítalíubanka.

„Erum ávallt á verði“

— sagði aðstoðarutanríkisráðherra S-Kóreu á blaðamannafundi í Reykjavík í gær

HR. SUK Heun Yun, aðstoðar utanríkisráðherra S-Kóreu, kom í heimsókn til Íslands í gær og hélt fund með fréttamönnum á Hótel Sögu. Ráðherrann hefur verið á ferð um Norðurlönd til að skýra sjónarmið stjórnar S-Kóreu varðandi þróun mála í Asíu og er Reykjavík síðasti viðkomustaður hans.

Í upphafi fundarins lýsti Yun yfir ánægju sinni með heimsóknina til Íslands, en hann sagði að það hefði verið draumur sinn frá bernskudögum, eftir að hann las sögu Íslands í skóla. Ráðherrann kvaðst hafa átt gagnlegar og vinsamlegar viðræður við íslenzka ráðamenn um hin ýmsu mál, þar sem skipzt hefði verið á skoðunum. Rætt hefði verið um viðskipti landanna og hvernig hægt væri að auka þau, en S-Kóreumenn selja Íslandinum vörur fyrir um 44 milljónir ísl. króna á ári, en kaupa engar vörur af Íslandinu. Sagði ráðherrann að hugsanlegt væri að S-Kóreumenn keyptu loðnu og


einhverjar aðrar fiskafurðir af Íslandinu.

Ráðherrann var spurður um álit hans á landhelgismálinu. Kvað hann utanríkisráðherra Einar Ágústsson hafa skýrt sjónarmið Íslendinga í því máli. Hann sagði að stjórn S-Kóreu væri fylgjandi því að strandríki nyttu sér réttinda til að nýta fiskimið undan strönd um sínum, en ráðherrann treysti sér ekki til að segja hve mikil þessi réttindi ættu að vera, en kvaðst telja að hafsbotsráðstefna S.P. myndi fjalla um þessi mál í náinni framtíð. Ráðherrann lagði áherzlu á gagnkvæma vináttu Íslendinga og S-Kóreumanna og sagði að Íslendingar hefðu ætíð verið sterkir stuðningsmenn S-Kóreu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Aðspurður um samskipti S- og N-Kóreu sagði ráðherrann að S-Kóreustjórn stefndi á kveðið að því að sameina löndin á ný á friðsamlegan hátt. Hann sagði að N-Kóreustjórn hefði kerfisbundið og ákveðið unnið að hernaðaruppbýg-

ingu frá 1966, er stjórnin fórn að efnahagsáætlun sinni til að geta vígbúið. Þessari hernaðaruppbýggingu væri nú lok ið eftir miklar fórnir þjóðarinnar og biðu N-Kóreumenn nú rétta tækifærisins til að ráðast inn í S-Kóreu. Yun sagði að S-Kóreubúar hefðu ávallt vítað hvað var að gerast og verið vel á verði og aldrei gefið á sér höggstað. Yun sagði að ef ekki kæmi til styrjaldar milli landanna á næstu 3—4 árum teldi hann fullvíst að hægt yrði að sameina löndin á friðsamlegan hátt á ný.

Aðspurður um samband Rauða kross deilda landanna 12. ágúst sl. sagði Yun, að það hefði verið merkur atburður og að stjórn S-Kóreu myndi styðja af öllum mætti frekara starf á þeim vettvangi. Hér væri fyrst og fremst um að ræða mannúðarstarf á vegum Rauða krossins, sem undirbýr bréfaskipti og síðar hugsanlega sameiningu fjölskyldna sem tvítruðust í Kóreustríðinu. Hann sagði að hér ættu 10 milljónir manna í hlut. Ráðherrann lagði áherzlu á að hér væri ekki um að ræða opinberar viðræður, heldur aðeins innan ramma Alþjóða Rauða krossins, en að stjórn S-Kóreu



Suk Heun Yun.

stydði viðræðurnar af alhug og myndi gera allt sem í hennar valdi stæði til að hlúa að þeim og stuðla að frekari aðgerðum. Hann sagði að næsti fundur Rauða krossnefndanna yrði í Pannmunjon 20. sept. Ráðherrann var því næst spurður um viðbrögð stjórnar S-Kóreu við fyrirhugaðri heimsókn Nixons Bandaríkjaforseta til Peking og sagði hann að stjórn sín teldi heimsóknina mikilvægt skref í átt til þess að minnka spennuna

í Asíu. Hann sagði að stjórn sín styddi ákvörðun Nixons á þessum forsendum, en biði að öðru leyti átekta, til að sjá framvindu mála.

Ráðherrann var spurður álits um þróun mála í Víetnam. Sagði hann að S-Kóreustjórn hefði byrjað brottflutning hermanna frá S-Víetnam og væru fyrstu 10 þúsund hermennirnir nú komnir heim, en 40 þúsund væru eftir. Hann sagði að þeir yrðu fluttir heim í áföngum í samráði við stjórn S-Víetnam og aðra bandamenn þar, en taldi að styrjöldin í Víetnam myndi smám saman fjara út.

Að lokum var ráðherrann spurður hvort hann teldi að Kína fengi aðild að S.P. í haust og svaraði hann því til að hann vissi ekki hvort það yrði í haust, en það yrði fyrir eða síðar.

Í S-Kóreu búa nú 32 milljónir manna og er iðnaður stærsti atvinnuvegur landsins og um 85% af öllum útflutningi er iðnaðarvörur. Á sl. ári voru fluttar út vörur fyrir um 88 milljarða ísl. kr., en útflutningur hefur aukizt um 42% að meðaltali á undanförunum árum og þjóðarframleiðslan um 10%. Verðbólgan í landinu er um 7% á ári. — Mest er flutt út af vefnaðarvörum og timbri. Íbúar N-Kóreu eru 14 milljónir og að sögn Yuns, eru lífskjör þar miklu lakari en í S-Kóreu.